

Mánudaginn 23. maí 1955.

Nr. 166/1954. **Kornelíus Jónsson** (Gústaf Ólafsson hdl.)

gegn

Sigurlaugu Sigurðardóttur

(Agnar Gústafsson hdl. samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramarnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson, og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Línal prófessor.

Riftun kaups vegna galla á seldum hlut.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. október 1954. Krefst hann sýknu af kröfum stefndu í málinu og málskostnaðar úr hendi hennar í héraði og hér fyrir dómi eftir mati Hæstaréttar.

Stefnda krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar af áfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefndu málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Kornelíus Jónsson, greiði stefndu, Sigurlaugu Sigurðardóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 1200.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 6. júlí 1954.

Mál þetta, sem var dómtekið 23. f. m., hefur Sigurlaug Sigurðardóttir, Samtúni 12, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 25. nóvember 1952 gegn Kornelíusi úrsmið Jónssyni, Mávahlíð 33, hér í bænum, til greiðslu á kr. 1185.00 auk 6% ársvaxta frá sáttakærudegi, 20. nóvember 1952, til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar.

Málavextir eru þeir, að stefnandi keypti úr hjá stefnda 30. apríl 1952, og var eins árs ábyrgð á úrinu af hendi seljanda. Stefnandi gaf dóttur sinni úr þetta, sem þegar í upphafi reyndist illa og gekk skrykkjótt. Fáum dögum eftir kaupin fór dóttir stefnanda með úrið til stefnda, bæði til þess að láta skrásetja það vegna ábyrgðarinnar og til að láta gera við það. Eftir þá viðgerð sótti enn í sama horf, og var úrinu tvisvar sinnum komið til stefnda til viðgerðar og skipti hann um fjöður í úrinu og „hálfhreinsaði“ það í seinna skiptið, um 8. október 1952. Er hér var komið, hafði stefnandi tekið við úrinu af dóttur sinni og gjöfin gengið til baka. Einni til tveim vikum síðar fór stefnandi með úrið enn til stefnda og krafðist þess, að hann tæki úrið aftur og léti nýtt úr í staðinn. Hann kvaðst aldrei taka aftur við seldum úrum, en bauðst til að skipta um verk í úrinu. Stefnandi vildi eigi fallast á það og skildi úrið eftir, án þess að samkomulag yrði með aðiljum, hvað gert skyldi við úrið. Nokkru síðar kom stefnandi til stefnda til þess að vitja úrsins, og var stjúpsonur hennar með henni. Hafa þau skýrt svo frá fyrir dómi, að stefndi hafi þá tjáð þeim, að hann væri búinn að skipta um verk í úrinu. Stefnandi vildi eigi sætta sig við það og krafði stefnda um endurgreiðslu kaupverðsins, en hann neitaði því. Hefur hún síðan höfðað mál þetta til endurheimtu andvirðis úrsins, kr. 1085.00, og enn fremur krafizt bóta fyrir afnotamissi, kr. 100.00, auk vaxta og málskostnaðar, sem fyrr var greint.

Stefndi skýrir svo frá, að engir gallar hafi komið fram á úrinu hinn 6. maí 1952, er það var „aftrekk“, þ. e. verkið tekið í sundur og hvert stykki skoðað sérstaklega. Hann heldur því fram, að verkið í þessu úri sé ógallað, en hins vegar sé það næmt fyrir ryki, enda sé verkið í óvatnspéttum gullkassa og verkið þoli ekki, að ryk safnist í það. Hann skýrir svo frá, að þegar stefnandi kom síðast með úrið til hans, hafi eigi þurft aðra aðgerð en að hreinsa ryk úr verki þess til þess að koma því í fullkomið lag. Hann neitar því eindregið að hafa skipt um verk í úrinu eða hafa sagt stefnandi og stjúpsyni hennar, að hann hafi gert það, en hins vegar kveðst hann hafa boðið stefnandi slík skipti, þótt hann hafi talið það boð um skyldu fram. Hann telur ábyrgð sína á seldu úri einungis ná til verksins, enda geti rispur á úrkassa gert úr óhæft til sölu, og kveðst hann því aldrei taka aftur við seldu úri. Samkvæmt þessu telur stefndi enga þá galla á úrinu, sem heimilað fái stefnandi að rifta kaupunum eða heimta afslátt af kaupverði úrsins. Til vara hefur hann mótmælt því, að stefnandi hafi beðið nokkurt tjón af afnotamissi úrsins.

Af málsskýringum stefnda er það ljóst, að frágangur umrædds úrs var á þann veg, að verkinu hætti til að safna í sig ryki, en við það varð því erfitt um gang. Því er eigi haldið fram, að stefnandi eða dóttur hennar hafi verið skýrt frá því, að stefndi teldi ábyrgð sína á úrinu einskorðaða við gangverk þess án tillits til þess, hversu

um það væri búið. Verður því að lita svo á, að úr þetta hafi verið haldið slíkum galla, að stefnandi sé rétt að rifta kaupunum og endurheimta kaupverðið, kr. 1085.00, með vöxtum eins og krafizt var. Gegn mótmælum stefnda hefur stefnandi eigi leitt rök að bótakröfu sinni, kr. 100.00, og verður hún því eigi til greina tekin. Eftir þessum úrslitum er rétt að dæma stefnda til að greiða stefnandi málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 400.00.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Kornelíus Jónsson, greiði stefnandi, Sigurlaugu Sigurðardóttur, kr. 1085.00 með 6% ársvöxtum frá 20. nóvember 1952 til greiðsludags og kr. 400.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 23. maí 1955.

Nr. 80/1954. X (Magnús Thorlacius)

og

Y (Egill Sigurgeirsson)

gegn

K (Ólafur Þorgrímsson)

og

Y (Egill Sigurgeirsson)

gegn

Z (Enginn).

Dómenndur:

hæstaréttardómaramennir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og Theodór B. Lindal prófessor.

Barnsfaðernismál.

Dómur Hæstaréttar.

X hefur fengið gjafsókn hér fyrir dómi og áfrýjað málinu með stefnu 25. maí 1954. Hann gerir þessar dómkröfur:

Aðalkrafa. Að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar.